



Alþýðusamband Íslands

Ráðstefna um hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna lífeyrissjóðanna

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Ágætu félagar

Undanfarna mánuði hefur umræðan í þjóðfélaginu um starfsemi lífeyrissjóða farið hátt og ljóst er að reynt hefur á trúverðugleika lífeyriskerfisins. Sem fulltrúar launafólks í stjórnnum sjóðanna er horft til okkar að hafa frumkvæði að bættum og skýrari reglum um gagnsæi og siðferði í starfsemi lífeyrissjóðanna. Þetta eru væntingar sem við verðum að rísa undir og bregðast við. Aukaársfundur ASÍ fól miðstjórn að standa fyrir umræðu innan samtakanna um nýjar reglur um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar og skýrari reglur um gagnsæi í daglegri starfsemi sjóðanna.

Með þessari ráðstefnu í dag höfum við fengið þau **Salvöru Nordal** - forstöðumaðnn Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands til að fjalla almennt um hugtakið siðferði og tengsl þess við umræðu dagsins og **Stefán Einar Stefánsson** – frá Epikos, fræðslu- og rannsóknarmiðstöð HR til að fjalla um hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna í samhengi við samfélagslega ábyrgð lífeyrissjóðanna og tengja það við tillögur miðstjórnar. Jafnframt munu þeir Kristján Gunnarsson og Guðmundur Gunnarsson gera nánari grein fyrir tillögnum.

Í framhaldi af þessari umræðu tel ég mikilvægt að við höldum áfram umræðu innan okkar raða, bæði á vettvangi miðstjórnar og ykkar fulltrúa launafólks í stjórnnum lífeyrissjóðanna, þannig að þessi mál verði í sífelldri endurskoðun og mótun.

Samhliða þessu verkefni verðum við að halda á lofti áherslum okkar um mikilvægi þeirrar samtryggingarhugsjónar og kynslóðasáttar sem íslenska lífeyriskerfið byggir. Við verðum að standa okkur betur í því að upplýsa okkar félagsmenn um að hér sé að ræða gott kerfi að ræða, sem er rekið af varúð og kostgæfni þrátt fyrir áföll á fjármálamarkaði. Mér hefur stundum fundist við fullfljót í vörnina, en hafið í huga að íslensku lífeyrissjóðirnir eru fyrirmynd annarra í alþjóðasamfélaginu.

Að sama skapi verðum við að standa vörð um stjórnkerfi lífeyrissjóðanna. Þetta er hluti af okkar kjarasamningum, þar sem verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur ákváðu fyrir 40 árum síðan að taka þróun lífeyris til eftirlauna og örorku úr höndunum á alþingismönnum og axla þetta hlutverk á grundvelli þess að tryggja að ekki væri verið að flytja byrðar milli kynslóða. Á þessum 40 árum hefur verið mikið framboð af vitringum sem hafa haft uppi alls konar skoðanir á því hvað annað hægt væri að nota fjármuni lífeyrissjóðanna en að standa undir lífeyrisréttindum og lífeyrisgreiðslum. Það er einmitt þess vegna sem við verðum að standast þessi áhlaup og kröfur um breytingar á kerfinu. Það að lífeyriskerfið er rekið á stjórnunarlega ábyrgð verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda, þar sem hagsmunir allra kynslóða er undir í hverri ákvörðun, er einmitt mikilvæg við þessar aðstæður.

Það er í þessu samhengi átakanlegt að fylgjast með skrifum Agnesar á Leyti í Morgunblaðinu. Undir formerkjum „rannsóknarblaðamennsku“ rægir hún alla stjórnarmenn lífeyrissjóða sem tengsl hafa

við vinnumarkaðinn undir hinni margfrægu aðferð Nixons – látum þá hafna því, látum þá afsanna það. Ég er reyndar fyrir löngu búin að afskrifa þennan svokallaða blaðamann því vinnubrögðin eru fyrri neðan allar hellur. Öllu alvarlegra er hins vegar hversu litlar áhyggjur Morgunblaðið hefur af þessari rögsstarfsemi. Ég frábið mér algerlega að tengja saman áhyggjur mínar af ímynd og trúverðugleika lífeyriskerfisins og rakalausar ásakanir í garð þessara stjórnarmanna. Af því sem ég hef kynnst mér finnst stjórnarmenn lífeyrissjóðanna beggja vegna borðsins hafa tekið á af fullri ábyrgð og skynsemi á sínum skyldum.

Hlutverk ykkar og ábyrgð er mikil og viðfangsefni ykkar verða sífellt flóknari. Því hefur Alþýðusambandið unnið að, í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, að undirbúningi að námsleið fyrir stjórnarmenn hreyfingarinnar í lífeyrissjóðum. Markmiðið er að efla þekkingu og hæfni ykkar til þess að sinna þessu hlutverki fyrir ykkar fólk í stjórnnum sjóðanna. Í þeim undirbúningi höfum við lagt áherslu á mikilvægi þess að tryggja að umrædd námsleið taki eins og kostur er á öllum þáttum sem efla faglegt hæfi stjórnarmanna m.a. að tryggt sé að námleiðin nýtist þátttakendum við mat FME á faglegu hæfi stjórnarmanna. Í fundargögnum er kynningarbréf þar sem fram kemur skipulag þessarar námsleiðar, en við höfum fullan hug á því að bæta fleiri námsleiðum við.

Með því að vinna á öllum þessum atriðum sem ég hef hér reifað, getum við skapað það traust og þann trúverðugleika sem er grundvallar forsenda fyrir því að lífeyrissjóðskerfið verði áfram í fremstu röð í heiminum. Nú, sem aldrei fyrr, er tækifæri til að staldra við og fara yfir stöðuna og bæta þá þætti sem betur mega fara. Slík umræða er einnig mikilvægur hluti af því endurmati sem nú fer fram í samfélaginu.

Ég segi þessa ráðstefnu setta.